



**ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK
UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA
9. FUNDUR.**

9. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra verður haldin í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga mánudaginn 13. maí. Formaður setur fundinn Kl. 15:51.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá.

1. Skýrsla ungmennafings 2013.
2. Bréf frá byggðarráði.
3. Bréf frá byggðarráði.
4. Svar vegna bréfs til vegagerðarinnar.
5. Undirbúningur fyrir fund með sveitarstjórn.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Íprótta- og tómsfundafulltrúi kynnti ungmennaskýrsluna 2013. Ræddar voru breyttar kröfur ungmenna í ár ásamt þeim kröfum sem beðið hefur verið um þrjú ár í röð.
2. Lagt fram svar byggðarráðs á bréfi ungmennaráðs varðandi stækkun á þrekkækjasal. Ungmennaráð fagnar þeirri ákvörðun að byggðarráð mun vísa erindinu um stækkun á þrekkækjasal til gerðar næstu fjárhagsáætlunar.
3. Lagt fram svar byggðarráðs á bréfi ungmennaráðs varðandi stöpulinn sunnan félagsheimilisins á Hvammstanga. Ungmennaráð fagnar því að ennþá sé verið að vinna í því að fá varanlega styttu á stöpulinn.

4. Ípróttá- og tómslundafulltrúi kynnti svar vegargerðarinnar varðandi veggjakrot á Miðfjarðarárbrú. Samkvæmt stefnu vegargerðarinnar þá er hætt að mála brýr í umsjá vegargerðarinnar. Ræddar voru aðrar mögulegar lausnir á þessum vanda. Ípróttá- og tómslundafulltrúi ætlar að hafa samband við vegagerðina og kanna hvort að ungmennaráðið megi mála yfir veggjakrotið í sumar.

5. Hver mættur meðlimur ungmennaráðs fékk verkefni til að vinna fyrir fund með byggðarráði 21. maí nk.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplésin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17:37

Kolbrún Erla Gísladóttir

Guðrún Helga Magnúsdóttir.

Ragnar Bragi Ægisson

Aníta Hrunð Hjaltadóttir

Karólína Gunnarsdóttir
Ípróttá- og tómslundafulltrúi